

**Reglur um fjárhagsaðstoð**  
**sbr. 21. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga,**  
**nr. 40/1991, með síðari breytingum**

**I. kafli**  
**Almenn atriði**

*1. gr.*

*Inntak fjárhagsaðstoðar*

Markmið fjárhagsaðstoðar er að tryggja að þeir einstaklingar, hjón og fjölskyldur sem ekki geta séð sér og sínum farborða án aðstoðar fái fjárhagsaðstoð, sbr. IV. og VI. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, með síðari breytingum, sbr. III. kafla reglna þessara.

Fjárhagsaðstoð er eingöngu ætluð til framfærslu en ekki til fjárfestinga eða greiðslu skulda,

Heimilt er að veita einstaklingum og fjölskyldum aðstoð vegna sérstakra aðstæðna, sbr. IV. kafla reglna þessara. Gefa skal sérstakan gaum að fjárhagslegum og félagslegum aðstæðum barnafjölskyldna og meta sérstaklega þarfir barna vegna þátttöku þeirra í þroskavænlegu félagsstarfi, í samræmi við 30. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga og IV kafla þessara reglna. Jafnan skal kanna til þrautar rétt umsækjanda til annarra greiðslna, þar með talið frá almannatryggingum, atvinnuleysistryggingum, lífeyrissjóðum og sjúkrasjóðum stéttarfélaga, svo og skal kanna rétt til aðstoðar samkvæmt lögum um námsstyrki.

Fjárhagsaðstoð skal veitt í eðlilegum tengslum við önnur úrræði Félags- og skólaþjónustu RVS svo sem ráðgjöf og leiðbeiningar, í samræmi við V. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Fjárhagsaðstoð telst til skattskyldra tekna.

*2. gr.*

*Framfærsluskylða*

Hverjum manni er skylt að framfæra sjálfan sig, maka sinn og börn yngri en 18 ára. Fólk sem er í skráðri sambúð í þjóðskrá á sama rétt til fjárhagsaðstoðar og hjón.

Umsækjendum um fjárhagsaðstoð er skylt að leita sér að atvinnu og taka vinnu sem býðst nema því aðeins að veikindi, örorka, hár aldur eða aðrar gildar ástæður hamli því. Fjárhagsaðstoð skal veitt fólki í tímabundnum erfiðleikum og er hugsuð sem aðstoð við einstaklinga og fjölskyldur til að mæta grunnþörfum þeirra,

Sími 487 81 25  
felagsmal.is

Suðurlandsvegi 1-3  
850 Hellu

### 3. gr.

#### *Lækkun grunnfjárhæðar*

Hafi umsækjandi hafnað atvinnu og/eða námskeiðstilboði hjá Vinnumálastofnun, starfsleitaráætlun eða sagt starfi sínu lausu án viðhlítandi skýringa eða eigi sjálfur sök á uppsögn, skerðist réttur til framfærslu um helming þess framfærslukvarða er umsækjandi fellur að, þann mánuð sem hann hafnar vinnu svo og mánuðinn þar á eftir. Það sama á við ef umsækjanda stendur til boða starf/úrræði á vegum Félagsþjónustunnar eða sveitarfélaganna sem að henni standa.

Sama á við um atvinnulausan umsækjanda sem ekki framvísar vottorði eða greiðsluseðli frá Vinnumálastofnun án viðhlítandi skýringa. Einnig skal á sama hátt greiða lægri grunnupphæð til framfærslu til umsækjanda sem hætt hefur þátttöku í átaksverkefni, endurhæfingu og/eða einstaklingsmiðaðri áætlun hjá ráðgjafa félags- og skólaþjónustu nema veigamiklar ástæður, sem fram koma við mat á aðstæðum umsækjanda, mæli gegn því.

Umsækjanda ber að hafa samband við ráðgjafa félags- og skólaþjónustunnar fyrir 25. hvers mánaðar til að halda rétti sínum til fjárhagsaðstoðar. Hafi umsækjandi ekki samband við félags- og skólaþjónustu getur réttur hans til fjárhagsaðstoðar falli niður þann mánuð.

### 4. gr.

#### *Réttur fylgir lögheimili*

Umsókn um fjárhagsaðstoð skal leggja fram í lögheimilissveitarfélagi. Lögheimili er sá staður þar sem einstaklingur hefur fasta búsetu. Einstaklingur telst hafa fasta búsetu á þeim stað þar sem hann hefur bækistöð sína, dvelst að jafnaði í tómsfundum sínum, hefur heimilismuni sína og svefnstaður hans er þegar hann er ekki fjarverandi um stundarsakir vegna orlofs, vinnuferða, veikinda eða annarra hliðstæðra atvika sbr. 2. mgr. 1. gr. laga um lögheimili nr. 21/1990.

Þurfi fólk á skyndilegri aðstoð að halda í dvalarsveitarfélagi er skylt að veita tímabundna aðstoð. Skal um það haft samráð við lögheimilissveitarfélag og aðstoð metin og veitt í samræmi við reglur þess. Lögheimilissveitarfélag endurgreiðir dvalarsveitarfélagi kostnaðinn að fullu, sbr. 14 gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Telji starfsmaður dvöl umsækjanda í sveitarfélaginu, sem skráður er þar með lögheimili, ekki ígildi fastrar búsetu, sbr. ákvæði lögheimilislaga nr. 21/1990, skal tekin ákvörðun um hvort málið verði sent Þjóðskrá til nánari athugunar.

### 5. gr.

#### *Form fjárhagsaðstoðar*

Fjárhagsaðstoð skal að jafnaði veitt sem styrkur. Fjárhagsaðstoð er einungis veitt sem lán óski umsækjandi þess eða könnun á aðstæðum leiði í ljós að eðlilegt sé að gera kröfur um endurgreiðslur með tilliti til eigna og framtíðartekna, sbr. 25. gr. reglna þessara og 22. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga. Lán eru vaxtalaus.

Einstaklingar sem bíða eftir endurhæfingarlífeyri, örorkumati frá Tryggingastofnun ríkisins og atvinnuleysisbótum, geta sótt um fjárhagsaðstoð í formi láns. Þegar viðkomandi umsækjandi hefur fengið bætur greiddar aftur í tímann frá Tryggingastofnun ríkisins og VMST ber honum

að endurgreiða lánið með eingreiðslu til baka. Ef aðstæður eru þannig er þó hægt að semja um annað fyrirkomulag.

Óheimilt er að breyta styrk í lán nema viðkomandi umsækjandi óski þess. Ef fjárhagsaðstoð er veitt í formi láns skal þess sérstaklega getið í skriflegri skuldaviðurkenningu með hvaða hætti og hvenær lánið skuli endurgreitt. Jafnframt skal lánþegi samþykkja með skriflegu umboði að endurgreiðslan verði dregin út af bankareikningi hans. Lán eru vaxtalaus. Ef veita á fjárhagsaðstoð sem lán og fyrir liggur að umsækjandi er þegar með eldra framfærslulán hjá Félags- og skólaþjónustu RVS. skal gera eldra lánið upp eða sameina það nýrri lánveitingu áður en nýtt lán er veitt.

#### 6. gr.

##### *Tímabil samþykkis hverju sinni*

Réttur til fjárhagsaðstoðar skapast í þeim mánuði sem sótt er um. Fjárhagsaðstoð skal að öllu jöfnu vera greidd einn mánuð í senn og skulu ákvarðanir um aðstoð að jafnaði ekki ná yfir lengra tímabil en þrjú mánuði. Þegar umsækjandi fær jafnframt bætur frá Tryggingastofnun ríkisins og ljóst er að aðstæður hans muni ekki breytast, er heimilt að samþykkja aðstoð í sex mánuði í senn.

Aðstæður þeirra sem fengið hafa fjárhagsaðstoð lengur en þrjú mánuði skulu kannaðar sérstaklega og félagsleg ráðgjöf veitt ásamt öðrum viðeigandi úrræðum.

Í undantekningartilvikum er heimilt að veita fjárhagsaðstoð vikulega vegna sérstakra aðstæðna.

Eigi umsækjandi rétt á fjárhagsaðstoð telst hún ekki gild fyrir en öll gögn hafa borist

#### 7. gr.

##### *Fjárhagsaðstoð aftur í tímann*

Fjárhagsaðstoð er aldrei skylt að veita lengra aftur í tímann en fjóra mánuði frá því umsókn er lögð fram, sbr. 3. mgr. 21.gr. laga um félagsþjónustu sveitafélaga nr. 40/1991 með síðari breytingum. Rökstuddar ástæður verða að réttlæta slíka aðstoð og verður skilyrðum fjárhagsaðstoðar að vera fullnægt allt það tímabil sem sótt er um

## II. kafli

### Umsókn um fjárhagsaðstoð

#### 8. gr.

##### *Umsókn og fylgigögn*

Umsókn um fjárhagsaðstoð skal leggja fram skriflega hjá Félags- og skólaþjónustu RVS eða skila inn rafrænt. Í neyðartilfellum er heimilt að leggja umsókn fram í dvalarsveitarfélagi, sbr. 4. gr. þessara reglna.

Umsókn skal undirrituð á sérstök umsóknareyðublöð, þar sem fram komi upplýsingar um umsækjanda, þar með talið lögheimili, fjölskyldugerð og upplýsingar um maka og börn á

framfæri. Eins skal skila inn nákvæmum upplýsingum um tekjur og eignir. Umsækjanda ber að sýna persónuskilríki með mynd sé þess óskað. Umsækjandi getur veitt öðrum skriflegt umboð til að sækja um aðstoð fyrir sína hönd. Ef umsækjandi er ófær um að undirrita umsókn sjálfur skal hún undirrituð af talsmanni hans.

Umsókn er aðeins gild að lögð séu fram með henni eftirfarandi gögn sem sýni tekjur, eignir og skuldir umsækjanda og maka, sé umsækjandi í hjónabandi eða sambúð:

- Launaseðill þess mánaðar sem umsókn er lögð fram í og launaseðlar síðustu tveggja mánaða á undan hafi umsækjandi haft atvinnutekjur.
- Staðfest afrit af síðasta skattframtali umsækjanda og maka hans, eigi það við.
- Greiðsluseðill bóta frá Tryggingastofnun ríkisins þess mánaðar sem umsókn er lögð fram í og tveggja síðustu mánaða á undan, njóti umsækjandi bótagreiðslna.
- Upplýsingar um aðrar tekjur, ef einhverjar eru, s.s. mæðra- og feðralaun, greiðslur úr atvinnuþryggingasjóði, frá verkalýðsfélögum, sjúkrasjóðum stéttarfélaga, innlendum og erlendum lífeyrissjóðum, bönkum, lánastofnunum, opinberum sjóðum og hinu opinbera.
- Vottorð frá Vinnumálastofnun er staðfesti atvinnuleysi umsækjanda, eigi það við.
- Greiðslufirlit frá Vinnumálastofnun ef umsækjandi nýtur atvinnuleysisbóta.
- Læknisvottorð ef umsækjandi er óvinnufær og hefur ekki fengið atvinnuleysisbætur vegna veikinda.
- Hafi umsækjandi nýlega slitið hjúskap eða sambúð, skal leggja fram vottorð sýslumanns því til staðfestingar og samkomulag um skiptingu eigna og skulda sé um það að ræða.

Hafi umbeðin gögn ekki borist 45 dögum eftir að umsókn berst, verður umsókn synjað.

#### 9. gr.

##### *Upplýsingar um tekjur og fjárhag umsækjanda*

Starfsmenn Félags- og skólaþjónustu RVS geta, ef þörf krefur, aflað frekari upplýsinga um tekjur og eignir umsækjanda, m.a. hjá skattayfirvöldum, atvinnurekendum, Tryggingastofnun ríkisins, lífeyrissjóðum og atvinnuleysistryggingasjóði. Skal það gert í samráði við umsækjanda. Neiti umsækjandi að veita upplýsingar um fjárhag sinn eða maka er umsókn synjað.

Skylt er að veita starfsmönnum Félags- og skólaþjónustu RVS upplýsingar úr skattframtölum þeirra sem leita fjárhagsaðstoðar. Sama gildir um upplýsingar úr skattframtölum lögskylds framfæranda, enda hafi umsækjandi veitt starfsmönnum umboð til að afla þessara upplýsinga, sbr. 24. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Umsækjendur eru boðaðir í viðtal til starfsmanna Félags- og skólaþjónustu RVS þar sem kannaðar eru félagslegar aðstæður.

Veita skal umsækjendum leiðbeiningar um málsmeðferð umsóknar. Enn fremur skal upplýsa þá um rétt til aðstoðar sem þeir kunna að eiga annars staðar og ber þeim að nýta sér þann rétt

**III. kafli**  
**Réttur til fjárhagsaðstoðar**  
**Mat á fjárþörf og útreikningur fjárhagsaðstoðar**

*10. gr.*  
*Mat á fjárþörf*

Framfærslugrunnur tekur mið af útgjöldum vegna daglegs heimilishalds og miðast við grunnfjárhæð skv 11. gr. þessara regnla. Við ákvörðun á fjárhagsaðstoð skal grunnfjárhæðlögð til grundvallar og frá henni dregnar heildartekjur, sbr. 13 gr. þessara reglna. Tekið skal tillit til sérstakra aðstæðna eftir því sem við á, sbr. reglur þessar.

*11. gr.*  
*Grunnfjárhæð*

- Grunnfjárhæð einstaklings, 18 ára eða eldri, sem rekur eigið heimili getur numið allt að 188.198 krónum á mánuði. Skal sú upphæð miðuð við launavísitölu og uppreknast 1. janúar ár hvert í samræmi við gengi vísitölu neysluverðs.
- Framfærslugrunnur einstaklinga 18 ára og eldri sem sannanlega reka eigið heimili er 1,0 eða 173.342 krónur. Með rekstri eigin heimilis er átt við þær aðstæður þegar viðkomandi býr í eigin húsnæði eða leigir húsnæði og leggur fram þinglýstan húsaleigusamning því til staðfestingar.
- Framfærslugrunnur einstaklinga 18 ára og eldri sem búa með öðrum, leigja húsnæði án þinglýsts leigusamnings eða hafa ekki aðgang að húsnæði er 0,8 eða 150.558 krónur.
- Framfærslugrunnur einstaklings sem býr hjá foreldrum/foreldri eða öðrum ættingjum og nýtur hagræðis af því er 0,6 eða 112.919 krónur.
- Sé umsækjandi lögheimilisforeldri barna sinna, eða greiði framfærslu þeirra umfram lögbundar greiðslur umgengnisforeldris, skal honum reiknuð full fjárhagsaðstoð skv. grunnfjárhæð. Framfærslugrunnur hjóna og fólks í skráðri sambúð er 1,6 eða 301.117 krónur. Mat á fjárhagsaðstoð er óháð því hvort barn eða börn búa á heimilinu. Undantekning er þegar umsækjandi hefur skertar barnabætur í kjölfar skilnaðar/sambúðarslita og skal þá tekið tillit til skerðingarinnar við mat á fjárþörf.

*12. gr.*  
*Réttur til fjárhagsaðstoðar*

Réttur til fjárhagsaðstoðar er frá þeim degi er einstaklingur skilar inn skriflegri umsókn um fjárhagsaðstoð.

Þeir einstaklingar, hjón eða sambýlisfólk sem hafa lægri tekjur en sem nemur grunnfjárhæð og eiga ekki eignir umfram íbúðarhúsnæði sem þeir búa í og eina fjölskyldubifreið, eiga rétt á fjárhagsaðstoð skv. þessum kafla.

Hafi umsækjandi nýlega selt eignir skal honum vísað á lánaþyrngreiðslu banka og/eða annarra lánastofnana, þó svo að tekjur hans séu lægri en grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar.

Einstaklingar sem afplána dóma eiga ekki rétt á fjárhagsaðstoð, það sama á við um þá sem ljúka afplánun í úrræðum á vegum Fangelsismálastofnunar. Einstaklingar sem dæmdir eru til samfélagsþjónustu eiga þó rétt til fjárhagsaðstoðar.

Umsækjandi sem er í vímuefnaeðferð á aðeins rétt á fjárhagsaðstoð ef hann nýtur ekki vasapeninga Tryggingastofnunar ríkisins eða annarra bóta. Fjárhæð aðstoðar skal vera jafn há vasapeningi skv. skilgreiningu Tryggingastofnunar á hverjum tíma.

Einstaklingar er stunda nám, sem er lánshæft hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna, njóta ekki réttar til fjárhagsaðstoðar. Aðrir námsmenn eiga að jafnaði ekki rétt til fjárhagsaðstoðar til að framfærslu nema fullnægt sé skilyrðum 19. gr. um námsstyrki.

Umsækjanda ber að leggja fram dvalarleyfi í þeim tilfellum sem það á við. Sé erlendur ríkisborgari með dvalarleyfi á þeim forsendum að skyldur aðili ábyrgist framfærslu hans, á hann að jafnaði ekki rétt á fjárhagsaðstoð.

Þeir einstaklingar sem fá fjárhagsaðstoð til framfærslu á grundvelli læknisvottorðs um óvinnufærni skulu í samvinnu við ráðgjafa gera einstaklingsáætlun sem miðar að því að umsækjandi haldi virkni og nái vinnufærni að öllu leiti eða hluta.

### 13. gr.

#### *Tekjur og eignir umsækjanda*

Fjárhagsaðstoð er alla jafn greidd út um mánaðarmót og telst fyrirframgreidd. Allar tekjur umsækjanda og maka ef við á, í mánuðinum á undan eru taldar með við ákvörðun um fjárhagsaðstoð. Miða skal við heildartekjur áður en tekjuskattur hefur verið dreginn frá.

Með tekjum er hér átt við atvinnutekjur umsækjanda og maka, allar skattskyldar tekjur frá Tryggingastofnun ríkisins nema umönnunarbætur, þar með talin mæðra- og feðralaun, greiðslur úr lífeyrissjóðum og sjúkrasjóðum stéttarféлага, atvinnuleysisbætur, leigutekjur, framlag til menntunar eða starfsþjálfunar samkvæmt 62. gr. barnalaga nr. 76/2003. Barnabætur, húsaleigubætur og vaxtabætur koma ekki til frádráttar við ákvörðun um upphæð fjárhagsaðstoðar.

Eigi umsækjandi rétt á atvinnuleysisbótum skal reikna þær bætur honum til tekna hvort sem hann hefur sinnt skráningu skv. reglum Vinnumálastofnunar eða ekki, nema framvísað sé læknisvottorði.

Við afgreiðslu fjárhagsaðstoðar skal gert ráð fyrir að kostnaður vegna barna greiðist af barnabótum, og meðlögum ef við á. Greiðslur vegna barna teljast því ekki til tekna enda ekki

reiknað með framfærslukostnaði vegna þeirra við mat á fjárförf. Barnabætur skal þó kanna sérstaklega, sbr. 11. gr. þessara reglna.

Við afgreiðslu fjárhagsaðstoðar er gert ráð fyrir að húsnæðiskostnaði verði fyrst og fremst mætt með vaxta- og húsnæðisbótum, en einnig er gert ráð fyrir honum í grunnfjárhæð. Miða skal við heildartekjur áður en tekjuskattur hefur verið dreginn frá.

Eigi umsækjandi, maki hans eða sambylingur, eignir umfram íbúðarhúsnæði sem umsækjandi eða fjölskylda hans býr í og eina fjölskyldubifreið eða hafi nýlega selt eignir sínar, skal honum vísað á lánaþinggreiðslu banka og sparisjóða þó að tekjur hans séu lægri en grunnfjárhæð.

#### 14. gr.

##### *Greiðslur meðlags*

Þegar tekjur umsækjanda eru jafnar eða lægri en grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar skal taka tillit til meðlagsgreiðslna með barni eða börnum sem umsækjandi hefur greitt með reglulega fram að þeim tíma að hann fær fjárhagsaðstoð. Hækkar fjárhagsaðstoðin sem nemur einu meðlagi, eins og það er á hverjum tíma, með hverju barni. Umsækjandi skal sýna fram á að hann hafi staðið í skilum með meðlag a.m.k. undanfarna þrjá mánuði. Átt er við meðlagsgreiðslur hverju sinni, en ekki uppsafnaðar meðlagsskuldur.

#### 15. gr.

##### *Atvinnurekendur, sjálfstætt starfandi einstaklingar og fólk í hlutastörfum*

Atvinnurekandi og sjálfstætt starfandi einstaklingur getur sótt um fjárhagsaðstoð hafi hann hætt rekstri og lokað virðisaukaskattsnúmeri auk þess að hafa leitað réttar síns til atvinnuleysisbóta í samræmi við ákvæði laga nr. 54/2006 um atvinnuleysistryggingar. Sé umsækjandi í hlutastarfi með tekjur undir grunnfjárhæð skal gerð krafa um að viðkomandi skrái sig hjá vinnumiðlun og óski eftir fullu starfi.

Heimilt er að skerða grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar til sjálfstætt starfandi atvinnurekenda sbr. 3. gr. reglna þessara, í þeim tilvikum að viðkomandi hafi vanrækt að tryggja sig sem leiðir til þess að viðkomandi eigi ekki rétt á atvinnuleysisbótum. Skerðingin nær til þess mánaðar sem einstaklingur sækir um og mánaðarins þar á eftir. Starfsmaður Félagsþjónustunnar skal brýna fyrir umsækjendum mikilvægi þess að tryggja sig fyrir atvinnuleysi með greiðslum í tryggingasjóð. Þá er heimilt að synja sjálfstæðum atvinnurekendum um fjárhagsaðstoð í þeim tilvikum að viðkomandi hafi ítrekað vanrækt að tryggja sig á þennan hátt.

Stundi umsækjandi búrekstur skal mat á tekjum byggt á skattframtali síðasta árs vegna umsóknar, sem berast fyrir 1. júlí en með umsóknum sem berast síðar skal einnig fylgja rekstrar- og efnahagsyfirlit uppfært til 30. júní sl. Þá liggja einnig fyrir greiðslumark búsins, breytingar á bústofni, yfirlit yfir eignir og skuldir aðrar en þær er tengjast viðkomandi rekstri, auk tekna utan bús undanfarna tvo mánuði. Fjárhagsaðstoð skal miðast við grunnfjárhæð sbr. 11 gr. reglna þessarra.

#### 16. gr.

##### *Greiðsla dvalarkostnaðar*

Heimilt er að greiða dvalarkostnað umsækjanda, sem býr á áfangaheimili, í neyðarathvarfi eða á meðferðarheimili og fjárhagsaðstoð sem svarar til vasapeninga Tryggingastofnunar.



Dvalargjald og vasapeningur geta að hámarki numið grunnfjárhæð einstaklings. Skal dvalargjald greitt beint til viðkomandi stofnunar. Skilyrði fyrir greiðslu dvalarkostnaðar er að viðkomandi stofnun sé með leyfi þar til berra yfirvalda. Rökstuddar ástæður verða að réttlæta aðstoðina.

*17. gr.*

*Skyndiaðstoð*

Heimilt er að veita einstaklingi fjárhagsaðstoð, hér nefnd skyndiaðstoð, þó svo öll tilskilin gögn fylgi ekki umsókn, ef um brýna neyð er að ræða. Skyndiaðstoð er í meginatriðum ætlað að tryggja börnum og unglingum innan fjölskyldu farborða. Upphæðin getur þó ekki numið hærri upphæð en 25% af grunnfjárhæð einstaklings á mánuði. Hún skal veitt í formi styrks og er aðeins heimilt að veita aðstoð á þennan hátt einu sinni á ári. Reynist umsækjandi eiga rétt á fjárhagsaðstoð skv. reglum þessum skal tekið tillit til styrksins við útborgun fjárhagsaðstoðar. Að öðrum kosti getur komið til endurgreiðslu til sveitarfélagsins.

*18. gr.*

*Skyndiaðstoð í formi matarkorts*

Heimilt er að veita einstaklingi fjárhagsaðstoð í formi matarkorts að hámarki þrisvar sinnum á ári ef um brýna neyð er að ræða. Viðkomandi þarf að hafa reynt öll önnur styrktarúrræði áður en hægt er að veita aðstoð samkvæmt þessari grein.

#### **IV. kafli**

#### **Heimildir vegna sérstakra aðstæðna**

*19. gr.*

*Aðstoð til tekjulágra foreldra vegna barna á þeirra framfæri*

Heimilt er að veita foreldrum, sem hafa haft tekjur undanfarna sex mánuði sem eru við eða lægri en grunnfjárhæð sérstaka fjárhagsaðstoð í eftirfarandi tilfellum.

- a) Aðstoð til að greiða fyrir daggæslu barna í heimahúsum, leikskóla, skólamáltíðir, lengdan skóladag, sumardvöl og/eða þátttöku barna í þroskandi félags- og tómstundastarfi. Ætíð skal vera um tímabundna aðstoð að ræða sem endurskoðuð sé á a.m.k. sex mánaða fresti. Viðmiðunarmörk aðstoðar með hverju barni eru **15.000** kr. á mánuði
- b) Fjárhagsaðstoð vegna greiðslu leikskólaskulda, skulda vegna skólagæslu og skólamáltíða. Viðmiðunarmörk aðstoðar eru að hámarki 4 mánuðir aftur í tímann.
- c) Fjárhagsaðstoð vegna meðferðar hjá sjálfstætt starfandi sérfræðingum, félagsráðgjöfum, sálfræðingum og geðlæknum. Aðstoð samkvæmt þessum lið fæst aðeins samþykkt sé um að ræða lið í umfangsmeiri aðstoð og að fyrirsjáanlegt sé að ekki sé hægt að veita þjónustuna innann félagsþjónustu eða á vegum heilbrigðisstofnana. Viðmiðunarmörk aðstoðar eru 90.000 krónur á ári eða allt af fimm tímar. Greitt til umsækjanda gegn framvísun greiðslukvittunar eða beint til viðkomandi sérfræðings.

- d) Fjárhagsaðstoð til kaupa á nauðsynjum, svo sem fatnaði, gleraugum, heyrnartækjum eða öðrum hjálpartækjum sem Tryggingastofnun tekur ekki þátt í að greiða. Viðmiðunarmörk aðstoðar eru 50.000 krónur á ári og er greitt til umsækjanda gegn framvísun greiðslukvittunar.
- e) Fjárstyrkur vegna náms 16 og 17 ára barna þeirra. Skal styrkurinn miðast við það að greiða áætlaðan bókakostnað, skólagjöld og ferðakostnað til og frá skóla. Við mat á fjárþörf skal taka mið af aðstæðum fjölskyldu, m.a. fjárhag hennar og fjarlægð skóla frá heimili. Skilyrði fyrir aðstoð vegna náms barna fjarri heimabyggð er að sótt hafi verið um námsstyrk samkvæmt lögum um námsstyrki nr. 79/2003 og fjárþörf síðan metin að teknu tilliti til námsstyrksins.

*20. gr.*

*Námsstyrkir*

Einstaklingur sem stundar nám sem er lánshæft hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna og á möguleika á námsláni nýtur alla jafna ekki fjárhagsaðstoðar til framfærslu.

Námsstyrki er heimilt að veita einstaklingum sem hafa tekjur við eða undir viðmiðunarmörkum í eftirfarandi tilvikum:

- a) Til einstaklinga 18 - 24 ára, sem ekki hafa lokið grunnskóla eða framhaldsskóla vegna verulegra fjárhagslegra og/eða félagslegra erfiðleika.
- b) Til einstaklinga sem hafa verið atvinnulausir, án bótaréttar, eða þegið fjárhagsaðstoð í sex mánuði eða lengur og hafa ekki lokið grunnnámi sem gefur rétt á námsláni.
- c) Til einstæðra foreldra sem hafa átt í félagslegum erfiðleikum. Aðstoðin skal vera liður í því að gera viðkomandi kleift að lifa efnahagslega sjálfstæðu lífi.

Aðstoðin skal miðast við grunnfjárhæð ásamt almennum skólagjöldum og bókakostnaði. Að jafnaði skal leggja inn umsókn tveimur mánuðum áður en nám hefst.

Miðað skal við að námið leiði til þess að nemandi fái starfsréttindi eða geti síðar hafið nám sem er lánshæft hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna.

Starfsmaður Félags- og skólaþjónustu RVS skal meta námsframvindu í hverju tilviki miðað við aðstæður hvers og eins. Nemandi skal leggja fram yfirlit yfir skólasókn mánaðarlega og einkunnir í annarlök.

Ákvarðanir um námskostnað skulu teknar fyrir hverja önn og heimilt er að halda námsaðstoð áfram með hliðsjón af námsframvindu.

Aðstoðin skal vera liður í umfangsmeiri vinnu starfsmanna Félags- og skólaþjónustu RVS sem miðar m.a. að því að gera viðkomandi kleift að lifa efnahagslega sjálfstæðu lífi.

Forsenda námsaðstoðar er að námsmaður sýni fram á eðlilega skólasókn og námsframvindu skv. reglum viðkomandi skóla. Að öðrum kosti fellur fjárhagsaðstoð niður.

*21. gr.  
Virkníurræði*

Heimilt er að veita styrk til virkníurræðis ef það er liður í umfangsmeiri félagslegri aðstoð og að það sé mat ráðgjafa félagsþjónustu að úrræðið sé liður í hjálp til sjálfshjálpar. Virkníurræðið þarf að vera til þess fallið að efla einstaklinginn til áframhaldandi uppbyggingar.

Hámarksaðstoð er kr. 70.000 – 90.000 á ári

Heimilt er að veita þeim sem sækja virkníurræði fjarri heimabyggð akstursstyrk sem samsvarar kostnaði við almenningsamgöngur.

*22. gr.  
Greiðsla sérfræðiaðstoðar*

- a) Heimilt er að veita fjárhagsaðstoð til greiðslu nauðsynlegra tannlækninga til einstaklinga sem hafa haft tekjur við eða undir grunnfjárhæð a.m.k. undanfarna 6 mánuði. Viðmiðunarmörk aðstoðar er 100.000 kr. á ári og skal kostnaðaráætlun tannlæknis fylgja með umsókn.
- b) Heimilt er að veita einstaklingum/fjölskyldum sem búa við mikla og langvarandi félagslega erfiðleika eða hafa orðið fyrir alvarlegum áföllum styrk til greiðslu viðtala hjá félagsráðgjöfum, sálfræðingum og geðlæknum. Skilyrði fyrir styrkveitingu eru að umsækjendur hafi haft tekjur við eða undir grunnfjárhæð a.m.k. undanfarna 6 mánuði og að það sé liður í umfangsmeiri félagslegri aðstoð. Leggja þarf greinargerð um ástæður umsóknar fyrir meðferðarfund Félags og skólaþjónustu RVS þar sem fram koma ástæður umsóknar.

Hafi umsækjandi áður fengið samþykki fyrir fjárhagsaðstoð til greiðslu sérfræðiaðstoðar skal óska eftir greinargerð viðkomandi sérfræðings um framvindu meðferðar.

Viðmiðunarmörk aðstoðar eru 180.000 krónur á ári eða allt að 10 viðtöl. Greitt er beint til viðkomandi sérfræðings gegn framvísun reiknings eða til umsækjanda gegn framvísun greiðslukvittunar. Með umsókn þarf að liggja fyrir staðfesting um stöðu réttinda umsækjanda hjá stéttarfélagi sínu eða öðrum sem kunna að veita styrki fyrir aðstoð.

**Gildistími samþykktar er til 31. desember ár hvert.**

*23. gr.  
Útfararstyrkir*

Heimilt er að veita aðstoð til greiðslu útfararkostnaðar þegar sannreynt hefur verið að dánarbúið getur ekki staðið undir útför hins látna.

Eftirfarandi gögn þurfa að fylgja umsókn um útfararstyrk: Staðfest ljósrit af skattframtali hins látna, launaseðlar og greiðsluyfirlit frá tryggingum og lífeyrissjóðum, staðfesting frá stéttarfélagi um rétt til útfararstyrks, tilkynning sýslumanns um skiptalok á grundvelli

eignayfirlýsingar, sbr. 25. gr. laga um skipti á dánarbúum o.fl., nr. 20/1991, eða einkaskiptaleyfi útgefið af sýslumanni til erfingja skv. 31. gr., sbr. 28. gr. laga um skipti á dánarbúum o.fl.

Heimilt er að veita eftirlifandi maka lán eða styrk vegna útfararkostnaðar þegar dánarbúið getur ekki greitt fyrir útför hins látna og eignir eftirlifandi maka eru ekki aðrar en íbúðarhúsnæði sem umsækjandi býr í.

Heimilt er að veita tekjulágu foreldri eða foreldrum fjárhagsaðstoð vegna útfararkostnaðar barns.

Samþykkt aðstoð greiðist gegn framvísun reiknings frá útfararstofu og annarra gagna um kostnað vegna útfarar.

Fjárhagsaðstoð vegna útfararkostnaðar getur að hámarki numið 180.000 kr.

Gildistími umsóknar er tveir mánuðir frá samþykktardegi.

#### 24. gr. *Áfallaaðstoð*

Heimilt er að veita tekjulágum einstaklingum eða fjölskyldum með tekjur undir grunnfjárhæð eða á mörkum hennar fjárhagsaðstoð í eftirfarandi tilvikum:

- a) vegna skyndilegs missis búslóðar eða annars eignamissis sem orðið hefur vegna bruna eða náttúruhamfara. Aðstoðin kemur einungis til álita þegar tjónþoli hefur ekki haft heimilistryggingu eða aðra tryggingu sem bætir tjónið. Viðmiðunarfjárhæð aðstoðar er 120.000 til einstaklinga en 200.000 til fjölskyldna
- b) þegar rýma þarf íbúð af heilbrigðisástæðum er heimilt að veita aðstoð til kaupa á búslóð. Viðmiðunarfjárhæð aðstoðar er 120.000 til einstaklinga en 200.000 til fjölskyldna
- c) Vegna alvarlegra veikinda nánustu fjölskyldu, barns, maka eða foreldris. Miða skal við að fjárhagur sé þröngur og að um mikla röskun á högum sé að ræða. Aðstoðin skal að öðru jöfnu veitt vegna ferðakostnaðar og uppihalds ef aðrir aðilar svo sem Tryggingastofnun ríkisins, veita ekki aðstoð. Gert er ráð fyrir að viðkomandi sæki til skattstjóra um lækkun skatta vegna sömu aðstæðna. Hámarksaðstoð er 250.000 kr.

#### 25. gr.

##### *Styrkur eða lán til fyrirframgreiðslu húsaleigu*

Heimilt er að veita þeim sem hafa haft tekjur við eða undir grunnfjárhæð í mánuðinum sem sótt er um, og í mánuðinum á undan, lán eða styrk til fyrirframgreiðslu húsaleigu. Þinglýstur húsaleigusamningur skal liggja fyrir eða önnur staðfesting um að samningur eigi við rök að styðjast. Miða skal við að leigufjárhæð sé í samræmi við leigu á almennum markaði. Aðstoð á grundvelli þessarar greinar er veitt að hámarki einu sinni á ári, hámarksupphæð er 400.000-500.000 kr.

26. gr.

*Styrkur vegna húsbúnaðar*

Fjárhagsaðstoð til kaupa á húsbúnaði er heimil í eftirfarandi tilvikum:

- a) Til einstaklings, sem hefur lægri tekjur en sem nemur grunnfjárhæð, er eignalaus og er að stofna heimili eftir a.m.k. tveggja ára dvöl á stofnun.
- b) Til ungs fólks á aldrinum 18 - 24 ára, sem er eignalaust, með tekjur við eða undir grunnfjárhæð, hefur átt í miklum félagslegum erfiðleikum og er að stofna heimili í fyrsta sinn.
- c) Til einstaklings sem er að hefja sjálfstæða búsetu skv. lögum um málefni fatlaðra.

Styrkur vegna húsbúnaðar getur að hámarki numið 100.000 kr. Einungis er hægt að fá húsbúnaðarstyrk í eitt skipti.

27. gr.

*Sérstök fjárhagsaðstoð í desember*

Veita skal þeim sem notið hafa fullrar fjárhagsaðstoðar a.m.k. undangengna þrjá mánuði eða hafa haft tekjur við viðmiðunarmörk fjárhagsaðstoðar a.m.k. undangengna þrjá mánuði, sérstaka desemberuppbót sem nemur 25 % af grunnfjárhæð. Sérstakt tillit er tekið til barnafjölskyldna sem nemur 10.000 kr. á barn.

28. gr.

*Aðstoð vegna sérstakra fjárhagserfiðleika*

Heimilt er að veita einstaklingum, hjónum eða sambúðarfólki lán eða styrk vegna sérstakra fjárhagserfiðleika til greiðslu á húsaleigu, rafmagni eða hita að uppfylltum eftirtöldum skilyrðum:

- a) staðfest sé að umsækjandi hafi ekki aðgang að lánaþyrirgreiðslu banka, sparisjóða eða annarra lánastofnana.
- b) fyrir liggi yfirlit starfsmanns Félags- og skólaþjónustu RVS eða Umboðsmanns skuldara um fjárhagsstöðu umsækjanda og tillögur að úrbótum þegar við á.
- c) fyrir liggi á hvern hátt lán eða styrkur muni bæta fjárhagsstöðu umsækjanda þegar til lengri tíma er litið.
- d) fyrir liggi samkomulag um félagslega ráðgjöf og/eða fjármálaráðgjöf þegar það á við.

Styrkur kemur einungis til álita hafi umsækjandi haft tekjur undir eða jafnar *grunnfjárhæð* undanfarandi sex mánuði eða lengur.

Lán skal ekki veitt ef ljóst er umsækjandi muni ekki geta staðið undir afborgunum af því.

Óheimilt er að veita styrki eða lán til greiðslu skulda við banka, sparisjóði eða aðrar lánastofnanir s.s. greiðslukortafyrirtæki. Þá er hvorki heimilt að veita styrki né lán til greiðslu skattaskulda og sekta, né heldur til greiðslu skulda við einkaaðila.

29. gr.

*Um fjárhagsaðstoð sem veitt er í formi láns*

Skilyrði fyrir fjárhagsaðstoð í formi láns er að umsækjandi notfæri sér greiðsluþjónustu banka eða sparisjóða og fyrir liggja mat á endurgreiðslugetu umsækjanda. Aðeins skal veita lán þegar ljóst er að umsækjandi muni geta staðið í skilum með afborganir af því. Skilyrði fyrir lánveitingu er að umsækjandi veiti skriflegt samþykki fyrir reglulegri skuldfærslu fyrir afborgunum lánsins af reikningi sínum.

**V. kafli**

**Málsmeðferð**

sbr. ákvæði stjórnarsýslulaga, nr. 37/1993, og ákvæði XV. og XVI. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

30. gr.

*Könnun á aðstæðum*

Kanna skal aðstæður umsækjanda svo fljótt sem unnt er eftir að umsókn um fjárhagsaðstoð hefur borist. Sama á við ef Félags- og skólaþjónusta RVS berast upplýsingar um nauðsyn á aðstoð með öðrum hætti.

Félags- og skólaþjónusta RVS skal taka ákvörðun í máli svo fljótt sem unnt er og sjá jafnframt til þess að nægjanlegar upplýsingar varðandi málið hafi borist áður en ákvörðun er tekin.

Ráðgjöfum Félags- og skólaþjónustu RVS ber að upplýsa umsækjanda um fyrirhugaða upplýsingaöflun sbr. 2. mgr. 17. gr. laga um persónuvernd nr. 90/2018

31. gr.

*Samvinna við umsækjanda*

Öflun gagna og upplýsinga skal unnin í samvinnu við umsækjanda. Við meðferð umsóknar og ákvarðanatöku skal leitast við að hafa samvinnu og samráð við umsækjanda eftir því sem unnt er, að öðrum kosti talsmann hans ef við á.

32. gr.

*Varðveisla gagna, trúnaður og aðgangur að gögnum*

Málgögn er varða persónulega hagi einstaklinga skulu varðveitt með tryggilegum hætti. Hafi starfsmenn kynnst einkahögum umsækjanda eða annarra í starfi sínu er þeim óheimilt að fjalla um þau mál við óviðkomandi nema að fengnu samþykki viðkomandi. Trúnaður helst eftir að látið er af starfi.

Umsækjandi á rétt á að kynna sér upplýsingar úr skráðum gögnum sem varða mál hans að svo miklu leyti sem það stangast ekki á við trúnað gagnvart öðrum.

33. gr.

*Leiðbeiningar til umsækjanda*

Við afgreiðslu umsóknar skal starfsmaður bjóða umsækjanda félagslega og fjárhagslega ráðgjöf og veita upplýsingar og leiðbeiningar um réttindi sem hann kann að eiga annars staðar. Berist skriflegt erindi, sem ekki snertir starfssvið Félagsþjónustunnar, skal starfsmaður í samráði við umsækjanda framsenda erindið á réttan stað svo fljótt sem auðið er.

34. gr.

*Rangar eða villandi upplýsingar*

Fjárhagsaðstoð sem veitt er á grundvelli rangra eða villandi upplýsinga af hendi þess sem aðstoðina fær er endurkræf og getur Félags- og skólaþjónusta RVS endurkafið viðkomandi um fjárhæðina, samkvæmt almennum reglum kröfuréttar. Einnig er heimilt að draga ofgreidda fjárhæð frá fjárhagsaðstoð sem umsækjandi kynni að öðlast rétt til síðar. Ef sannreynt er, við vinnslu máls, að upplýsingar sem umsækjandi hefur veitt eru rangar eða villandi stöðvast afgreiðsla umsóknarinnar.

35. gr.

*Niðurstæða og rökstuðningur synjunar*

Kynna skal niðurstöðu umsóknar svo fljótt sem unnt er. Sé umsókn hafnað í heild eða að hluta skal umsækjandi fá skriflegt svar þar sem ákvörðun er rökstudd með skýrum hætti með vísan til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga og reglna sveitarfélagsins um fjárhagsaðstoð.

36. gr.

*Ákvarðanataka samkvæmt reglum þessum*

Með reglum þessum veitir Stjórn FSVR starfsmönnum Félags- og skólaþjónustu RVS heimild til að taka ákvarðanir um fjárhagsaðstoð samkvæmt reglum þessum:

- a) um það hvort umsækjendur uppfylli skilyrði I. og II. kafla reglna þessara.
- b) um það hvort veita skuli fjárhagsaðstoð skv. III. kafla reglna þessara.
- c) um það hvort veita skuli fjárhagsaðstoð skv. IV. kafla reglna þessara.

37. gr.

*Kynning á ákvörðun um fjárhagsaðstoð*

Starfsmenn Félags- og skólaþjónustu RVS. skulu kynna umsækjanda niðurstöðu tryggilega og kynna honum um leið rétt sinn til að fara fram á að stjórn FSVR. fjalli um umsóknina. Umsækjandi hefur að öðru jöfnu fjögurra vikna frest til að vísa máli sínu til stjórnar FSRV frá því honum barst vitneskja um ákvörðun. Málskot til stjórnar FSRV frestar ekki framkvæmd hinnar kærðu ákvörðunar nema stjórn FSRV ákveði annað. Stjórn FSRV skal fjalla um umsókn og taka ákvörðun svo fljótt sem unnt er.

Ákvörðun stjórnar FSVR skal kynnt umsækjanda tryggilega og um leið skal honum kynntur réttur hans til málskots til Úrskurðarnefndar velferðarmála.

38. gr.

*Málskot til úrskurðarnefndar velferðarmála*

Umsækjandi getur skotið ákvörðun stjórnar FSRV til úrskurðarnefndar velferðarmála. Skal það gert innan þriggja mánaða frá því umsækjanda barst vitneskja um ákvörðun stjórnar FSRV. Málskot til úrskurðarnefndar frestar ekki framkvæmd hinnar kærðu ákvörðunar nema nefndin ákveði annað.

Úrskurðarnefnd velferðarmála fjallar um eftirtalin atriði sbr. 64. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991:

- Málsmeðferð, sbr. XVI. kafla laga nr. 40/1991.
- Rétt til aðstoðar skv. IV. kafla laga nr. 40/1991.
- Hvort samþykkt þjónusta og upphæð fjárhagsaðstoðar er í samræmi við reglur viðkomandi sveitarstjórnar.
- Greiðslur fjárhagsaðstoðar aftur í tímann sbr. 3. mgr. 21. gr. laga nr. 40/1991.

39. gr.

*Gildistaka*

Reglur þessar eru settar með vísan í 10. og 21. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991. Reglur þessar eru byggðar á leiðbeiningum velferðarráðuneytisins varðandi reglur sveitarfélaga um fjárhagsaðstoð og taka gildi við staðfestingu Stjórnar FSVR. Reglurnar taka gildi frá og með 19. September 2023.

*Reglurnar voru endurskoðaðar og samþykktar í félagsmálanefnd Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu í ágúst 2015.*

*Samþykktar hjá aðildarsveitarfélögum á haustmánuðum 2015.*

*Reglurnar voru endurskoðaðar og samþykktar í félagsmálanefnd Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu í febrúar 2018.*

*Samþykktar hjá aðildarsveitarfélögum á vormánuðum 2018.*

*Reglurnar voru endurskoðaðar og samþykktar í félagsmálanefnd Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu í október 2021*

*Samþykktar hjá aðildarsveitarfélögum í desember 2021*

*Samþykktar hjá aðildarsveitarfélögum í ágúst og september 2023*